

# Reglur um áhugamannaréttindi ásamt leiðbeiningum

Í gildi frá janúar 2022

Verði ágreiningur um túlkun reglnanna gildir enski textinn eins og hann er í útgáfu R&A Rules Limited og USGA.

Íslensk þýðing: Hörður Geirsson

Golfsamband Íslands | Engjavegi 6 | 104 Reykjavík

[www.golf.is](http://www.golf.is)

© 2021 R&A Rules Limited og The United States Golf Association.

Allur réttur áskilinn.

Golfsamband Íslands er golfstjórnvaldið á Íslandi hvað varðar áhugamannaréttindi í golfi.

## Formáli að reglum um áhugamannaréttindi 2022

Golf áhugamanna á djúpar rætur og stunda áhugakylfingar á öllum aldri keppni víðsvegar um heiminn. Reglur um áhugamannaréttindi skilgreina hverjum er heimilt að keppa sem áhugamaður og í þessari útgáfu reglnanna hefur verið tekið mikilvægt skref í nútímavæðingu reglnanna, í þeim tilgangi að auðvelda skilning á þeim og beitingu þeirra.

Þessi nýja útgáfa er afrakstur átaks við nútímavæðingu, átaks sem leitt hefur verið af núverandi og fyrrverandi fulltrúum áhugamenskunefnda R&A og USGA, ásamt fulltrúum af öllum getustigum og svæðum heims. Útgáfan tekur sömuleiðis mið af athugasemdum frá hagaðilum og kylfingum víðsvegar í heiminum og endurspeglar hvernig golf er leikið í dag.

Nýju reglurnar gera skýran greinarmun á áhugamennsku og atvinnumennsku í golfi í nútíma samhengi, með tilteknum tækifærum fyrir áhugakylfinga, skipuleggjendur golfmóta og hugsanlega styrktaraðila áhugamannagolfs. Markmið okkar er að reglurnar styðji við heilbrigðan golfleik til langrar framtíðar, bæði fyrir þá sem leika á afreksstigi og þá mörgu sem leika einungis sér til gleði og til að takast á við þær áskoranir sem felast í leiknum.

Clive T. Brown  
formaður  
áhugamenskunefndar  
R&A Rules Limited

Paul Brown  
formaður  
áhugamenskunefndar  
United States Golf Association

## Regla 1 - Tilgangur reglnanna

---

Golf áhugamanna stendur styrkum rötum, m.a. með langri sögu golfmóta sem eingöngu eru ætluð áhugakylfingum. Reglur um áhugamannaréttindi skilgreina hverjum er heimilt að leika sem áhugakylfingur.

Í golfi sjá leikmenn að mestu sjálfir um framfylgni reglnanna. Til að tryggja heilindi leiksins með tilliti til golfreglnanna og forgjafarreglnanna setja áhugamannareglurnar skorður við formi og verðmæti þeirra verðlauna sem áhugakylfingar mega þiggja fyrir árangur sinn í keppni.

### Leiðbeiningar vegna reglu 1

Engar sem stendur.

## Regla 2 - Áhugakylfingur

---

Allir kylfingar eru áhugamenn, nema þeir:

- Þiggi óheimil verðlaun samkvæmt reglu 3;
- Leiki í golfmóti sem atvinnumenn;
- Þiggi greiðslu eða aðra umbun fyrir golfkennslu sem ekki er heimilt samkvæmt reglu 4;
- Eru ráðnir (eða starfa sjálfstætt) sem atvinnumenn hjá golfklúbbi eða golfæfingavæði, eða
- Eru meðlimir í samtökum atvinnukylfinga.

Áhugamaður sem aðhefst eitthvað af framangreindu missir áhugamannaréttindi sín og heldur slíkri stöðu þar til hann endurheimtir réttindin (sjá reglu 5).

### Leiðbeiningar vegna reglu 2

#### Að leika eða starfa sem atvinnumaður

Eftirfarandi viðbótarleiðbeiningar eru vegna áhersluatriða 2, 4 og 5 í reglu 2 (Áhugakylfingur):

- **Að leika í keppni sem atvinnumaður**
  - Áhugamaður sem skráir sig og leikur í keppni sem atvinnumaður missir áhugamannaréttindi sín.
    - Þetta á einnig við þegar kylfingur hefur leik í keppni en lýkur henni ekki, t.d. þegar leikmaðurinn hættir leik eða lýkur ekki umferðinni eða umferðunum af öðrum ástæðum.
    - Þetta á ekki við þegar áhugakylfingur skráir sig til leiks í keppni sem atvinnukylfingur en hefur ekki hafið leik í keppninni.
      - Þetta gæti gerst þegar áhugakylfingur stefnir að því að gerast atvinnumaður í golfi og skráir sig til leik í keppni atvinnumanna en ætlar að halda áfram keppni sem áhugamaður þar til sú keppni fer fram.
      - Áhugamaður getur einnig afskráð sig sem atvinnumaður eða breytt skráningu sinni í áhugamann áður en hann hefur leik í slíkri keppni, án þess að það hafi áhrif á stöðu hans sem áhugamaður.
  - Kylfingur sem leikur í keppni sem einungis er ætluð atvinnumönnum missir áhugamannaréttindi sín.
  - Ef kylfingur þarf ekki að skilgreina stöðu sína við skráningu í keppni er áhugamanni heimilt að taka þátt í slíkri keppni án þess að það hafi áhrif á stöðu hans sem áhugamanns. Staða hans breytist einungis ef hann ákveður að þiggja verðlaun í andstöðu við reglu 3.
  - Að leika sem atvinnumaður í keppnum þar sem ekki er leikið frá teig í holu (svo sem að leika sem atvinnumaður í keppni um lengstu teighögg eða í þúttkeppnum) hefur ekki áhrif á stöðu leikmannsins sem áhugamaður.
- **Að starfa sem atvinnumaður í golfklúbbi eða á æfingavæði.**
  - Þetta á við ef viðkomandi er ráðinn sem yfirmaður atvinnumanna, aðstoðaratvinnumaður eða því um líkt á golfvelli eða öðrum golfsvæðum.
  - Hins vegar á þetta ekki við um önnur störf eða starfsheiti sem algeng eru innan golfheimsins. Sjá „Leiðbeiningar um hvað áhugamaður í golfi má gera“ varðandi algeng störf og starfsheiti.
- **Að vera meðlimur í einhverjum samtökum atvinnukylfinga.**
  - Þetta á við um að eiga einhvers konar aðild að samtökunum, ásamt því að vera lærlingur eða aukaaðili að samtökunum.
  - Þetta á hins vegar ekki við þegar áhugamaður í golfi gegnir eingöngu stjórnunarstöðu, svo sem með því að vera í stjórn slíkra samtaka.

### Leiðbeiningar um hvað áhugamaður í golfi má gera

Með tilliti til áhersluatriða 2,3 og 5 í reglu 2 má áhugamaður í golfi aðhafast eftirfarandi:

- Athafnir í tengslum við leik:
  - Vera meðlimur í atvinnumótaröð, svo fremi að hann leiki ekki sem atvinnumaður.
  - Taka og/eða standast golfgetupróf.
- Athafnir í tengslum við menntun:
  - Skrá sig eða taka þátt í námi vegna golfstjórnunar atvinnumanna, að því gefnu að slíkt námi geri ekki kröfu um að nemendur séu meðlimir í samtökum atvinnukylfinga eða geri neitt annað sem þýddi missi áhugamannaréttinda (svo sem að annast kennslu gegn greiðslu).
- Athafnir sem tengjast starfi og stöðu:
  - Starfa sem afgreiðslumaður í golfverslun, við kylfumælingar, kylfusmíði eða kylfuvíðgerðir.
  - Vinna sem framkvæmdastjóri golfs á golfvelli, hjá golfklúbbi eða við aðra golfaðstöðu.
  - Vinna sem starfsmaður hjá útbúnaðarframleiðanda.
  - Vinna sem kylfuberi, jafnvel sem kylfuberi atvinnukylfings eða á mótaröð atvinnumanna.
  - Vinna við golfstjórnun, svo sem hjá golfsambandi.

### Að leika sem áhugamaður í keppni með peningaverðlaun yfir verðlaunahámarki

Skipuleggjendur golfmóta hafa ýmsa kosti varðandi áhugakylfinga og peningaverðlaun, sem þeir ættu að hafa í huga við gerð keppnisskilmála. T.d. kann skipuleggjandi golfmóts að vilja:

- Kveða á um að leikmenn sem skrá sig sem áhugakylfingar geti ekki þegið peningaverðlaun (eða geti einungis þegið peningaverðlaun upp að hámarkinu í reglu 3).
- Kveða á um að leikmenn sem skrá sig áhugakylfingar lýsi því yfir fyrir upphaf keppinnar (t.d. áður en þeir hefja fyrstu umferð sína) hvort þeir muni þiggja peningaverðlaun yfir hámarkinu, nái þeir slíkum árangri í keppninni.
  - Þrátt fyrir slíka yfirlýsingu getur áhugakylfingurinn kosið að þiggja ekki verðlaun í andstöðu við reglurnar.
  - Gerist það getur mótshaldarinn ákveðið hvernig eigi að dreifa verðlaunafé sem ekki hefur verið þegið.

Með leyfi mótshaldara getur áhugakylfingur keppt sem áhugamaður í móti þar sem keppt er um peningaverðlaun yfir hámarki peningaverðlauna, án þess að tapa áhugamannaréttindum sínum. Leiki kylfingurinn nógu vel til að vinna peningaverðlaun yfir hámarki peningaverðlauna og ákveði að þiggja peningaverðlaunin í lok keppinnar tapar hann áhugamannaréttindum sínum.

## Regla 3 - Verðlaun

---

### 3a Keppnir án forgjafar

Áhugakylfingur sem tekur þátt í keppnum án forgjafar má þiggja hvaða verðlaun sem er, þar á meðal í formi peninga, allt að verðmæti 700 sterlingspunda eða 1000 bandaríkjadala fyrir hverja keppni, nema viðkomandi golfstjórnvald hafi sett lægri mörk.

Með tilliti til þessara reglna er keppni án forgjafar keppni þar sem enginn hluti keppninnar ræðst af nettó skori og þar sem forgjöf er ekki notuð við aðgreiningu keppenda í keppnisflokka. Sérhver keppni sem ekki er keppni án forgjafar er forgjafarkeppni.

### 3b Forgjafarkeppnir

Áhugakylfingur sem leikur í forgjafarkeppni má ekki þiggja peningaverðlaun en má þiggja annars konar verðlaun allt að verðmæti 700 sterlingspunda eða 1000 bandaríkjadala fyrir hverja keppni, nema viðkomandi golfstjórnvald hafi sett lægri mörk.

### 3c Almennt

Verðmæti verðlauna í öðru formi en peningum er almennt smásöluverð hlutarins á þeim tíma sem verðlaunin eru þegin.

Verðlaunamörkin ná til eftirfarandi:

- Allra keppna frá teig í holu þar sem keppt er um skor á holu, óháð því hvar keppnin fer fram (t.d. á golfvelli eða í golfhermi).
- Allra keppna í golfgetu þar sem höggið er slegið í golfkeppni og leikið er frá teig í holu.
- Heildarverðlauna sem þegin eru í einstakri keppni eða mörgum keppnum sem leiknar eru samhliða (t.d. einstaklings- og liðakeppnum).

Verðlaunamörkin ná ekki til eftirfarandi:

- Verðmætis bikara og annarra slíkra verðlauna.
- Keppna um lengstu teighögg, keppna um að hitta næst skotmarki, keppna sem snúast um sérstaka hæfileika, keppna í brelluhöggum og keppna sem eingöngu lúta að þútti (nema keppnin eða höggið sé leikið í keppni frá teig í holu).
- Verðlauna fyrir holu í höggi, sem slegið er:
  - Utan keppna þar sem leikið er frá teig í holu.
  - Í keppni þar sem leikið er frá teig í holu, ef höggið er a.m.k. 50 stikur (45,7 metrar).
- Fjárhættuspila eða veðmála milli einstakra kylfinga eða liða.
- Kostnaðar við að keppa á síðari stigum í sömu keppni.

## Leiðbeiningar vegna reglu 3

### Keppnir með og án forgjafar

Regla 3 (Verðlaun) gerir greinarmun á þeim tegundum verðlauna sem áhugakylfingur má þiggja þegar hann keppir án forgjafar, samanborið við þegar hann keppir með forgjöf.

Áhugamannareglurnar líta á allar keppnir sem annað hvort keppni án forgjafar eða keppni með forgjöf. Keppni getur ekki verið bæði með og án forgjafar með tilliti til beitingar reglu 3.

### Keppnir án forgjafar

Með tilliti til reglu 3 verður keppni án forgjafar að byggja á brúttó skori eingöngu. Forgjöf leikmanns má ekki koma við sögu varðandi skor.

- Í reglunum er litið á eftirfarandi keppnir sem keppnir með forgjöf:

- Keppnir þar sem forgjöf er notuð til að skipta keppendum í deildir eða riðla, jafnvel þótt einungis sé stuðst við skor án forgjafar til að ákvarða röð innan deildar eða riðils.
- Keppnir þar sem brúttó og nettó skor eru notuð í sömu keppninni.
- Keppnir þar sem forgjöf keppenda er notuð til að ákvarða röð þeirra sem ljúka leik á sama skori.
- Þó má nota forgjöf í keppnum án forgjafar til að takmarka hverjir megi taka þátt, svo sem ef þáttökuréttur er takmarkaður við þá sem hafa grunnforgjöf 5,0 eða lægri.

### Keppnir með forgjöf

Með tilliti til reglu 3 er litið á allar keppnir sem ekki eru keppnir án forgjafar sem keppnir með forgjöf. Eftirfarandi eru algeng dæmi um keppnir með forgjöf, þar sem:

- Forgjöf er ekki beitt á skor leikmanna, en deildir eða riðlar eru myndaðir út frá forgjöf leikmanna. Þótt í slíkri keppni sé leikið án forgjafar er í reglunum litið á keppnina sem forgjafarkeppni.
- Keppnir með og án forgjafar eru haldnar samhliða sem hluti sömu umferðar eða umferða.
- Ein eða fleiri umferðir sömu keppni eru leiknar án forgjafar og ein eða fleiri umferðir eru leiknar með forgjöf.
- Forgjöf er beitt á einu stigi, en ekki öllum stigum, keppni sem leikin er í mörgum stigum.

### Gjaldmiðlar og hámark verðlaunafjár

Regla 3 vísar til hámarks verðlauna í sterlingspundum og bandaríkjadöllum. Hins vegar getur golfstjórnvald sett eigið hámark í sínu landi, svo fremi að hámarkið sé ekki umfram 700 sterlingspund eða 1.000 bandaríkjadali þegar hámarkið er sett.

Ljóst er að 700 sterlingspund og 1.000 bandaríkjadali eru ekki ávallt að sama verðgildi. Golfstjórnvald getur valið við hvort hámarkið það miðar.

Þótt óraunhæft sé að endurskoða hámarkið í eigin mynt frá degi til dags ætti að endurskoða það reglulega svo það víki ekki umtalsvert frá hámarkinu í reglu 3.

### Merking keppna þar sem leikið er frá teig í holu

Regla 3 á einungis við um keppnir þar sem leikið er frá teig í holu um skor á holu, óháð því hvar leikið er (svo sem á golfvelli eða í golfhermi).

Regla 3 nær einnig til keppni í golfgetu þar sem höggið er slegið í keppni frá teig í holu. T.d. ef keppt er um lengsta teighögg eða að vera næstur holu, þegar slík keppni er innan keppnis-umferðar þar sem leikið er frá teig í holu.

Hins vegar nær regla 3 ekki til keppni sem ekki er hluti af annarri keppni þar sem leikið er frá teig í holu, jafnvel þótt keppt sé á golfvelli eða í golfhermi. Algeng dæmi eru keppnir um lengsta teighögg, eða að vera næstur holu þegar höggið eða högginn gilda ekki sem hluti af golfumferð. Slíkar keppnir, sem regla 3 nær ekki til, má halda í tengslum við aðrar keppnir þar sem leikið er frá teig í holu.

### Verðlaun í formi greidds kostnaðar af mótshöldurum vegna síðari stiga keppni

Þegar mótshaldari greiðir sigurvegara, eða tilteknum fjölda keppenda, kostnað við að leika á síðari stigum sömu keppni á verðlaunahámarkið í reglu 3 ekki við.

Greiða má allan eða hluta raunverulegs kostnaðar fyrir hönd leikmannsins, eða endurgreiða leikmanninum kostnaðinn, svo sem þáttökugjöld vegna síðari stiga, ferðakostnað, gistingu, málsverði og kostnað vegna kylfubera.

Auk þess að greiða raunverulegan kostnað má mótshaldari veita verðlaun sem eru innan þeirra marka sem sett eru í reglu 3.

### Að fresta móttöku verðlauna eða þiggja þau óbeint

Áhugakylfingur má ekki fresta eða seinka móttöku verðlauna sem ekki eru heimil samkvæmt reglu 3, í þeim tilgangi að viðhalda áhugamannaréttindum sínum. Litið yrði á frestun eða seinkun á móttöku verðlaunanna sömu augum og þau hefðu verið móttækin þegar unnið var til þeirra.

Því til viðbótar getur áhugakylfingur ekki forðast missi áhugamannaréttindanna með því að þiggja verðlaunin óbeint fyrir tilstilli annars einstaklings eða með því að beina verðlaunum í gegnum golfklúbb sinn eða fyrirtæki. Hins vegar, undir ákveðnum kringumstæðum, má gefa verðlaunin til góðgerðarmála (sjá „Að gefa verðlaun til góðgerðarmála“).

### Merking peningaverðlauna

Með tilliti til reglu 3 geta peningaverðlaun verið í margs konar formi, svo sem reiðufé, rafmynt, ávísunum, bankamillifærslum, hlutabréfum og skuldabréfum. Gjafabréf og debetkort sem innleysa má í reiðufé teljast einnig til peningaverðlauna.

Til peningaverðlauna teljast ekki inneignarkort og gjafakort sem skipta má fyrir vörur eða þjónustu í smásöluverslunum og/eða golfvelli eða golfklúbbsi.

### Að gefa verðlaun til góðgerðarmála

Áhugakylfingur sem vinnur verðlaun sem ekki eru leyfileg samkvæmt reglunum getur ákveðið að þiggja ekki verðlaunin en ánafna þeim til samþykks góðgerðarfélags.

Mótsstjórn hefur lokaorð um hvort áhugakylfingur sem vinnur verðlaun megi ánafna þeim til samþykks góðgerðarfélags.

### Viðmið um happdrætti, útdrætti o.s.frv.

Regla 3 nær ekki yfir happdrætti eða útdrætti sem haldin eru í tengslum við golfviðburð, svo fremi það er ekki gert til að sniðganga verðlaunahámarkið.

### Sveitakeppnir

Hver einstakur liðsmaður í sveitakeppni má þiggja verðlaun upp að verðlaunahámarkinu í reglu 3.

Til dæmis, í 18 holu sveitakeppni með forgjöf, getur hver leikmaður í fjögurra manna sveit þegið verðlaun, önnur en peningaverðlaun, upp að verðlaunahámarkinu.

### Fleiri en ein keppni haldin á sama tíma

Verðlaunahámarkið í reglu 3 nær til einstakra keppna, þar á meðal aðalkeppni og allra aukakeppna (svo sem ef keppt er um lengsta teighögg eða að vera næstur holu þegar slíkar keppnir eru haldnar samhliða því að leikið er frá teig í holu í keppnisumferðinni).

Verðlaunahámarkið í reglu 3 gildir einnig um heildarverðlaun í fleiri en einni keppni sem haldnar eru samtímis (svo sem einstaklings- og liðakeppnir), jafnvel þótt aðskilin þáttökugjöld séu innheimt fyrir hverja keppni.

- Til dæmis, í 18 holu einstaklingskeppni þar sem veitt eru verðlaun með og án forgjafar, má leikmaður sem vinnur inneign að verðmæti 700 bandaríkjadala fyrir keppni án forgjafar einungis þiggja inneign að verðmæti 300 bandaríkjadala í keppni með forgjöf.

Ef keppni er haldin á fleiri en einu stigi er litið á hvert stig sem aðskilda keppni, svo fremi að innheimt sé þáttökugjald á hverju stigi.

Þegar um er að ræða keppni um heildarárangur þar sem sigurvegari ræðst af samanlögðum árangri í tveimur aðskildum keppnum gildir verðlaunahámarkið um heildarverðlaunin plús samtals verðlaun sem veitt eru í keppnunum tveimur.

- Til dæmis, keppni A og keppni B eru báðar 36 holu keppnir án forgjafar, haldnar á tveimur helgum, og innheimt eru þáttökugjöld fyrir hvora keppni. Keppni C er 72 holu keppni þar sem árangur ræðst af samanlögðum árangri í keppnum A og B. Leikmaður A sem vinnur 700 bandaríkjadali í keppni A eða B má einungis þiggja 300 bandaríkjadali í keppni C.

### Stigalistar

Áhugakylfingur má þiggja verðlaun upp að verðlaunahámarkinu í reglu 3 fyrir árangur í stigakeppni eða verðlaun á borð við titilinn „Kylfingur ársins“, til viðbótar öðrum verðlaunum sem hann hefur þegið á keppnistímabilinu.

### Verðlaunagripir

Þiggja má verðlaunagripir og önnur táknræn verðlaun sem eru varanlega og áberandi ígráfin, jafnvel þótt verðmæti þeirra sé meira en verðmætishámarkið í reglu 3.

Verðmæti verðlaunagripa úr gulli, silfri, keramik, gleri eða sambærilegum efnum sem ekki eru varanlega og áberandi ígráfin þarf að vera innan verðmætishámarksins.

Ekki má nota hluti svo sem sjaldgæf úr eða gamla skartgripir til að sniðganga verðmætishámarkið í reglu 3.

### Stefna um minjagripir og gjafir

Styrktaraðila eða mótshaldara er heimilt að gefa leikmönnum í keppni minjagripir eða gjafir, óháð verðmæti þeirra, svo fremi að það sé ekki gert til að sniðganga verðmætishámarkið.

### Sérstök verðlaun

Sérstök verðlaun eru verðlaun sem veitt eru fyrir eftirtektarverðan árangur eða framlag til gólfíþróttarinnar og eru frábrugðin keppnisverðlaunum. Verðmætishámarkið í reglu 3 á ekki við um slík sérstök verðlaun.

## Regla 4 - Kennsla

---

Kennsla merkir kennslu í aðferðinni við að sveifla kylfu og að hitta golfbolta. Áhugamannareglurnar ná ekki til annarrar kennslu eða þjálfunar (svo sem í tengslum við líkamspjálfun og sálræna þætti leiksins).

Áhugamaður sem þiggur greiðslu eða aðra umbun fyrir kennslu, þ.á.m. ef kennslan er hluti launaðs starfs, missir áhugamannaréttindin.

Þó má áhugamaður þiggja greiðslu eða aðra umbun fyrir kennslu undir eftirfarandi kringumstæðum:

- Ef kennslan er hluti af verkefni sem samþykkt hefur verið af viðkomandi golfstjórnvaldi.
- Sem starfsmaður skóla eða skólabúða, að því gefnu að kennslan sé minna en 50% af þeim tíma sem fellur undir starfsskyldur starfsmannsins.
- Ef um er að ræða skriflega kennslu eða kennslu á netinu og kennslan snýr ekki að tilteknum einstaklingi eða hópi.

### Leiðbeiningar vegna reglu 4

#### Kennsla - Almennt

Áhugakylfingur sem er starfsmaður golfvallar eða golfklúbbs, svo sem starfsmaður í golfverslun, má ekki sinna kennslu sem hluta af starfi sínu. Hvort honum er greitt beinlínis fyrir kennslu eða hversu stórum hluta vinnutíma hans er varið til kennslu skiptir ekki máli.

Hugtakið „umbun“ í reglum 2 og 4 takmarkast ekki við peningagreiðslur heldur nær einnig til allra skipta á vöru eða þjónustu, svo sem að þiggja leik- eða æfingarétt á golfvelli eða hjá golfklúbbi.

Í golfkennslu felst kennsla í athöfninni að sveifla kylfu og hitta bolta. Söfnun lífeðlisfræðilegra upplýsinga, aðstoð vegna hreyfigetu og leiðbeiningar um styrktaræfingar vegna golfs eru ekki, sem slíkar, hluti golfkennslu sem fjallað er um í reglu 4. Hins vegar, ef slíkt er gert samhliða eða tvínað saman við kennslu í athöfninni að sveifla kylfu telst viðkomandi sinna golfkennslu.

#### Golfkennsla sem hluti af samþykktu verkefni

Regla 4 heimilar áhugakylfingi að þiggja greiðslu eða aðra umbun fyrir golfkennslu sem hluta af verkefni sem hefur verið fyrir fram samþykkt af golfstjórnvaldi viðkomandi lands.

Tilgangur reglunnar er að hvetja til þátttöku í verkefnum sem ætlað er að kynna golf og aðstoða á þann hátt meðlimi samtaka atvinnukylfinga. Talið er eðlilegt að greiða eða umbuna einstaklingum á annan hátt fyrir tíma sem þeir verja til þjálfunar sem fellur undir slík verkefni.

Verkefnið þarf að hafa verið fyrir fram samþykkt af golfstjórnvaldi viðkomandi lands, til að tryggja að verkefnið sé skipulagt og staðfest á viðeigandi hátt.

Viðkomandi golfstjórnvald landsins ákveður hvort tiltekið verkefni teljist hæft með tilliti til reglu 4. Golfstjórnvaldið getur sett tiltekin skilyrði varðandi framkvæmdina svo verkefnið sé samþykkt. Til dæmis getur það takmarkað þann fjölda tíma sem áhugakylfingur má sinna þjálfun innan verkefnisins eða sett hámark á greiðslu sem greiða má á tilteknu tímabili.

Við staðfestingu slíks verkefnis ætti golfstjórnvald landsins að taka mið af eftirfarandi:

- Hafa samráð við samtök atvinnukylfinga í landinu eða á svæðinu og, ef mögulegt er, koma á samráði milli golfstjórnvaldsins og viðkomandi samtaka.
- Takmarka þann tíma sem áhugakylfingur má stunda kennslu sem hluta af samþykktu verkefni, t.d. fjölda tíma á viku, mánuði eða ári og/eða setja hámark á þá greiðslu sem áhugamaður má þiggja, til dæmis á viku, mánuði eða ári.

- Framkvæma árlega endurskoðun á samþykki verkefnisins.

#### Kennsla veitt af starfsmanni skóla eða skólabúða

Áhugakylfingur sem er ráðinn af skóla, annarri menntastofnun eða skólabúðum, þar á meðal sem kennari eða þjálfari, má þiggja greiðslu eða aðra umbun fyrir golfkennslu nemenda skólans, menntastofnunarinnar eða skólabúðanna, svo fremi að golfkennslan sé minna en 50% af tímanum sem hann sinnir í störfum fyrir skólann, menntastofnunina eða skólabúðirnar.

#### Skrifleg kennsla eða kennsla á netinu

Áhugakylfingur má þiggja greiðslu eða aðra umbun fyrir kennslu sem veitt er skriflega (svo sem í útgefinni bók eða tímariti) þar sem með slíkri kennsla þarf viðtakandi hennar að ákvarða að hvaða marki hún eigi við viðkomandi og hvernig beita eigi efninu við golfsveifluna.

Áhugakylfingur má einnig sinna sambærilegri kennslu á netinu. Þetta merkir að áhugakylfingur má semja blogg eða myndbönd um golfkennslu. Þó má áhugakylfingur ekki svara beinum fyrirspurnum frá tilteknum einstaklingum eða hópum til að aðstoða þá við aðferðina við að sveifla kylfu eða hitta golfbolta. Þannig verða kylfingarnir sjálfir að ákveða hvernig best er að hagnýta kennsluna í þeirra eigin golfsveiflu.

## Regla 5 - Endurheimt áhugamannaréttinda

---

Kylfingur sem misst hefur áhugamannaréttindi sín getur endurheimt réttindin fyrir tilstilli viðkomandi golfstjórnvalds.

Sérhvert golfstjórnvald er eini aðilinn sem hefur heimild til að:

- Heimila endurheimt áhugamannaréttinda;
- Krefjast biðtíma áður en áhugamannaréttindin eru endurheimt, eða
- Synja um endurheimt réttindanna.

Ákvörðun golfstjórnvaldsins varðandi endurheimt áhugamannaréttinda er endanleg, þó að teknu tilliti til þeirra áfrýjunarleiða sem golfstjórnvaldið kann að heimila.

### Leiðbeiningar vegna reglu 5

#### Leiðbeiningar um endurheimt

Leikmaður sem óskar eftir endurheimt áhugamannaréttinda ætti að fylgja því umsóknarferli sem við á hjá golfsstjórnvaldinu þar sem þeir búa. Í því getur falist að leggja fram umsókn um endurheimt réttindanna til viðkomandi golfstjórnvalds.

Með umsóknarferli er tryggt að viðkomandi golfstjórnvaldi gefist færi á að rýna hverja umsókn og ákvarða hvað það telur vera eðlilega niðurstöðu með tilliti til aðstæðna.

Þegar leikmaður hefur óskað eftir endurheimt réttindanna frá viðeigandi golfstjórnvaldi telst leikmaðurinn vera umsækjandi um endurheimt, en hefur ekki öðlast áhugamannaréttindin aftur fyrr en umsóknin hefur verið samþykkt.

#### Biðtími fyrir endurheimt

Mælt er með að golfstjórnvaldið geri kröfu um a.m.k. sex mánaða biðtíma.

Við að ákvarða biðtíma fyrir endurheimt getur golfstjórnvaldið metið hvort viðbótartími sé viðeigandi með hliðsjón af því hversu lengi umsækjandinn var án áhugamannaréttindanna.

Golfstjórnvaldið ætti að ákvarða hvenær biðtíminn hefst og lengd biðtímans með tilliti til nokkurra þátta:

- Upphafstími

Mælt er með því að biðtíminn hefjist þann dag sem leikmaðurinn aðhafðist síðast eitthvað það sem ekki var leyfilegt samkvæmt reglunum, svo sem þann dag sem leikmaðurinn var síðast ráðinn sem atvinnumaður, lék síðast sem atvinnumaður eða þáði síðast greiðslu eða aðra umbun fyrir óleyfilega kennslu. Golfstjórnvaldið hefur heimild til að ákvarða aðra dagsetningu, telji það slíkt viðeigandi.

- Leikgeta

Golfstjórnvaldið ætti að taka mið af fyrri getu og árangri umsækjandans þegar biðtíminn er ákveðinn og kann að ákveða að framlengja biðtímann með tilliti til getunnar og árangursins.

Þættir sem golfstjórnvaldið kann að vilja taka tillit til eru á hvaða getustigi umsækjandinn keppti (svo sem styrkleika mótaraðar eða keppenda) og árangur í slíkum keppnum (svo sem fjölda skipta sem umsækjandinn náði niðurskurði, fjölda sigra og fjölda skipta sem umsækjandinn lauk leik í efstu sætum).

Tíminn sem hefur liðið síðan leikmaðurinn keppti síðast getur einnig skipt máli þegar ákveðið er hversu langur biðtíminn skuli vera.

- Fleiri en ein athöfn án áhugamannaréttinda

Leikmaður getur misst áhugamannaréttindi sín á marga vegu. Golfstjórnvaldið kann að vilja líta þessar athafnir sömu augum.

Eftirfarandi dæmi lýsa því hvernig beita má biðtímanum fyrir fleiri athafnir en eina:

Dæmi 1:

- Ráðinn sem atvinnumaður frá 1. janúar 2010 til 1. janúar 2022.
- Var meðlimur í samtökum atvinnukylfinga frá 1. janúar 2010 til 30. júní 2022.
- Þáði greiðslu fyrir golfkennslu frá 1. janúar 2010 til 1. janúar 2022.

Síðasta athöfnin er 30. júní 2022 og því ætti leikmaðurinn að þurfa að bíða a.m.k. í sex mánuði frá 30. júní 2022. Endurheimt ætti þá fyrst að koma til greina 30. desember 2022.

Dæmi 2:

- Ráðinn sem atvinnumaður frá 1. janúar 2010 til 1. janúar 2022.
- Var meðlimur í samtökum atvinnukylfinga frá 1. janúar 2010 til 30. júní 2022.
- Þáði greiðslu fyrir golfkennslu frá 1. janúar 2010 til 1. janúar 2022.
- Lék sem atvinnumaður frá 1. janúar 2010 til 1. júní 2022.

Síðasta athöfnin er 30. júní 2022 og því ætti leikmaðurinn að þurfa að bíða a.m.k. í sex mánuði frá 30. júní 2022. Endurheimt ætti þá fyrst að koma til greina 30. desember 2022. Leikmaðurinn kann einnig að þurfa að bíða í viðbótartíma með tilliti til árangurs hans sem atvinnumanns.

### Endurtekin endurheimt

Reglurnar heimila að leikmaður endurheimti áhugamannaréttindin oftast en einu sinni.

Golfstjórnvaldið getur ákveðið að framlengja biðtíma umsækjanda vegna endurheimtar í annað eða þriðja sinn. Til dæmis getur það ákveðið að lágmarks biðtími fyrir endurheimt í annað sinn sé framlengdur í eitt ár, samanborið við sex mánuði fyrir fyrstu endurheimt.

Við umsókn um síðari endurheimt, eftir aðra endurheimt, er það golfstjórnvaldsins að ákveða hvort slík endurheimt sé samþykkt og þá hver biðtíminn skuli vera.

### Að neita um endurheimt

Golfstjórnvaldið getur ákveðið að neita umsókn um endurheimt í ákveðnum tilfellum. Þetta kann að vera viðeigandi þegar leikmaður hefur náð ákveðnum frama eða árangri í leiknum.

Ekki er hægt að setja almennt viðmið um neitun endurheimtu þar sem aðstæður eru ólíkar á milli landa. Því þarf hvert golfstjórnvald að setja sín eigin viðmið, en getur ráðfært sig við R&A áður en ákvörðun er tekin.

### Staða á meðan beðið er endurheimtar

Leikmaður sem ekki hefur áhugamannaréttindi en hefur sótt um endurheimt þeirra verður að fylgja áhugamannareglunum á sama hátt og ef hann hefði réttindin. Hann má ekki taka þátt í keppnum sem áhugakylfingur fyrr en hann hefur öðlast réttindin að nýju.

Hins vegar má kylfingur sem ekki hefur endurheimt áhugamannaréttindin taka þátt í keppnum á meðan á biðtímanum stendur ef keppnin er ekki bundin við áhugakylfinga. Þar á meðal má hann taka þátt í innanfélagsmótum, að því tilskyldu að:

- Hann keppi ekki sem atvinnumaður;
- Mótshaldari heimili honum þátttöku þótt hann hafi ekki öðlast áhugamannaréttindin;
- Hann þiggi ekki verðlaun sem ekki eru heimilud samkvæmt reglu 3, og
- Hann þiggi engin verðlaun sem ætluð eru áhugamönnum í keppninni.

Mótsstjórn í keppni áhugamanna má heimila skráningu kylfings sem hefur sótt um endurheimt áhugamannaréttinda en ekki enn öðlast þau, að því tilskyldu að kylfingurinn muni öðlast réttindin áður en keppnin hefst, eða hugsanleg undankeppni.

## Regla 6 – Beiting reglnanna

---

R&A og USGA eru golfstjórnvaldið varðandi áhugamannareglurnar og áskilja sér rétt til að breyta reglum hvenær sem er og að semja og breyta túlkunum á reglum hvenær sem er.

Golfsambönd einstakra landa eru golfstjórnvaldið sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á beitingu áhugamannareglanna innan síns starfssvæðis. Þar með talið eru álitaefni sem rísa innan annarra svæða en snúa að einstaklingum sem falla undir viðkomandi golfsamband.

Ef óvissa eða vafi vaknar um beitingu reglnanna, þ.á.m. um hvort einstaklingur er áhugamaður eða ekki, hefur golfsambandið heimild til að taka lokaákvörðun en getur einnig vísað málinu til ákvörðunar R&A.

Ákvörðun golfsambandsins um beitingu reglnanna er endanleg, þó að teknu tilliti til þeirra áfrýjunarleiða sem sambandið kann að heimila.

### Leiðbeiningar vegna reglu 6

#### Golfstjórnvald þegar leikmaður býr á fleiri en einum stað

Áhugamannreglum er beitt af golfstjórnvaldi einstakra landa, þ.e. golfstjórnvaldi þess lands þar sem leikmaðurinn býr og leikur oftast, óháð þjóðerni.

Ef leikmaður býr á fleiri en einum stað ættu golfstjórnvöld í viðkomandi löndum að hafa samráð um hvaða golfstjórnvald skuli bera ábyrgð á viðkomandi. Ef ekki næst niðurstaða um það ættu viðkomandi að hafa samráð við R&A.

## Almennar leiðbeiningar

### Samningar

Reglurnar takmarka ekki áhugakylfingur í að gera samning eða samkomulag og þiggja fjárhagslega umbun af slíkum samningi eða samkomulagi þótt hann sé áhugakylfingur. Hins vegar ætti kylfingur sem ætlar að gera slíkan samning eða komast að slíku samkomulagi að tryggja að það hafi ekki áhrif á kröfur annarra aðila varðandi þátttökurétt, svo sem skóla eða annarra menntastofnana.

Áður en gerður er samningur í tengslum við golfiðkun áhugakylfings er mælt með að hann hafi samráð við sitt golfstjórnvald og þiggi viðeigandi ráðgjöf frá óháðum ráðgjafa um skilmála og skilyrði slíks samnings.

### Að þiggja umbun fyrir notkun á nafni, mynd eða ímynd

Áhugakylfingur má þiggja greiðslu eða aðra umbun, þar á meðal greiðslu kostnaðar, fyrir að nota eða leyfa notkun á nafni, mynd eða ímynd til að kynna eða selja vöru eða þjónustu.

Þótt slíkt sé ekki í andstöðu við áhugamannareglurnar kann það að brjóta í bága við reglur annarra samtaka eða stofnana. Til dæmis ætti leikmaður sem þiggur skólalstyrk að tryggja að viðtaka greiðslu af einhverju tagi brjóti ekki í bága við skilyrði skólalstyrksins.

Íþróttamönnum í námi og íþróttamönnum sem hyggja á nám er ráðlagt að hafa samráð við golfstjórnvald í sínu heimalandi, samræmisskrifstofu menntastofnunarinnar eða viðeigandi menntayfirvöld til að fá nánari ráðgjöf.

### Takmarkanir á viðskiptalegum merkingum á fatnaði eða útbúnaði

Áhugamannareglurnar setja engar skorður við fjölda eða stærð viðskiptalegra myndmerkja sem áhugakylfingar mega hafa á klæðnaði sínum eða útbúnaði. Þó geta mótshaldarar þar sem kylfingarnir keppa sett skilyrði fyrir því hvaða viðskiptalegu myndmerkingar eru leyfðar á klæðnaði eða útbúnaði.

Til dæmis geta mótshaldarar takmarkað stærð og staðsetningu viðskiptalegra myndmerkja sem eru sýnileg á fatnaði eða útbúnaði áhugakylfinga (eða klæðnaði eða útbúnaði kylfubera). Einnig geta þeir ákvarðað að leikmenn og kylfubera þeirra megi ekki kynna eða auglýsa vörur og þjónustu tiltekinna gerða fyrirtækja.

### Fjárhættuspil

Áhugakylfingur má taka þátt í fjárhættuspili eða veðmálum við golfleik sinn, svo fremi að fjárhættuspilið eða veðmálin leiði ekki til misnotkunar á golfreglunum og/eða forgjafarreglunum.

Fjárhættuspil og veðmála af þessu tagi teljast heimil ef:

- Leikmennirnir þekkja almennt hver annan.
- Þátttaka í fjárhættuspilinu eða veðmálunum er ekki skylda.
- Allt veðfé sem leikmennirnir vinna er lagt fram af leikmönnum sjálfum.

Ef viðkomandi golfstjórnvald telur ákveðnar tegundir fjárhættuspila eða veðmála ganga gegn gildum leiksins getur golfstjórnvaldið endurskoðað áhugamannaréttindi þátttakendanna.